

Sp.

143. Fyrirspurn

[116. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um krabbameinsslækningar og K-byggingu Landspítalans.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hyggst heilbrigðismálaráðherra bregðast við eftirfarandi ummælum í greinargerð stjórnar lækna ráðs Landspítalans í nóvember 1983 um K-byggingu:
„Ef ekki verður leyst úr vanda deildarinnar er fyrirsjáanlegt að geislameðferð mun falla niður vegna úreltrar aðstöðu. Krabbameinssjúklingar, sem síðast liðin ár hafa langflestir notið geislameðferðar á þessari deild Landspítalans, yrðu þá tilneyddir til að leita lækninga erlendis.“
2. Hver eru áform heilbrigðismálaráðherra um framkvæmdahraða við K-byggingu Landspítalans.